

Góðir fundargestir

Það er mér sönn ánægja að opna ársfund Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hér í dag, sem í ljósi aðstæðna er haldinn með öðru sniði en venjulega.

Á fundinum í dag munu niðurstöður ársins 2019 verða kynntar en óhætt er að segja að það ár hafi verið einkar farsælt hjá sjóðnum. Þessi góði árangur er til vitnis um mikla fagmennsku og gott starf hjá bæði starfsfólki og stjórn og vil ég nota tækifærið og óska ykkur til hamingju með góða útkomu síðasta árs.

Við höfum á síðustu vikum verið rækilega minnt á hverfulleika lífsins og hvernig alþjóðlegar hamfarir og sviptingar geta skolið á með engum fyrirvara. Okkur óraði ekki fyrir því í upphafi ársins að við stæðum í þessum sporum í dag, hvorki í samfélagslegu né efnahagslegu tilliti og við getum ekki nema að takmörkuðu leyti séð fyrir hvar við munum standa við lok þessa árs.

Við þurfum að taka þessari miklu óvissu með ákveðnu æðruleysi og yfirvegum en á sama tíma gefst okkur einmitt núna tækifæri til að fara yfir málin upp á nýtt og leita nýrra leiða til að vinna okkur upp úr því áfalli sem heimsbyggðin hefur orðið fyrir.

Ég hef í ótal skipti tekið svo til orða að nýsköpun sé ekki lúxus heldur einmitt nauðsyn og meginforsenda þess að við náum að byggja upp blómlegt atvinnulíf og verðmætasköpun í landinu. Nýsköpun er einfaldlega grundvöllur þess að við getum byggt upp gott samfélag sem byggir á hugviti og þekkingu.

Við erum einmitt rækilega minnt á mikilvægi nýsköpunar nú um stundir þegar við göngum í gegnum eina dýpstu efnahagskreppu sem sögur fara af. Nú þurfum við að leita nýrra leiða og virkja hugvitið til nýrra lausna. Þess vegna höfum við á undanförunum vikum spýtt í lófana og lagt okkur enn meira fram um að ýta í framkvæmd þeim málefnum sem sett voru á oddinn í nýsköpunarstefnu síðasta haust.

Í tengslum við aðgerðaáætlun stjórnvalda vegna heimsfaraldursins, höfum við til að mynda aukið framlög í Tækniþróunarsjóð til að styðja betur við verkefni frumkvöðla og sprotafyrirtækja í landinu. Við höfum sett fram tillögur um aukin framlög í endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar og lagt til aukin framlög í nýsköpunarsjóð námsmanna til þjálfunar og fræðslu fyrir unga frumkvöðla nú í sumar.

Eitt stærsta verkefni okkar þetta vorið er þó frumvarp til laga um opinberan stuðning til fjárfestinga í sprotta- og nýsköpunarfyrirtækjum, sem ég mælti fyrir á Alþingi nú í vikunni. Hinn nýi sjóður sem gengur undir nafninu Kría hefur það markmið fyrst og fremst að stuðla að virku fjármögnunarumhverfi fyrir sprotta- og nýsköpunarfyrirtæki hér á landi.

Stofnun Kríu er að okkar mati mikilvæg aðgerð, ekki aðeins til að auka aðgengi sprottafyrirtæki að áhættufjármagni á fyrstu stigum, heldur einnig að stuðla að vexti og þroska fjármögnunarumhverfis hér á landi í samvinnu stjórnvalda og fjárfesta. Ég er sannfærð um að þessi stuðningur mun verða mikilvægur þáttur í því að hér vaxi upp öflugt umhverfi frumkvöðlamennsku og nýsköpunar sem síðan skili sér í öflugum þekkingariðnaði og nýjum útflutningsgreinum.

Við leggjum áherslu á að frumvarp um Kríu verði samþykkt á þessu vorþingi og í ljósi Covid aðstæðna, leggjum við einnig til að framlög í Kríu verði aukin á þessu ári, að því gefnu að vísifjárfestar óski eftir framlagi úr sjóðnum.

Auk frumvarps um Kríu, erum við að móta tillögur um tímabundið mótframlag í formi víkjandi lána, til efnilegra sprotafyrirtækja, sem vegna breyttra aðstæðna eru að lenda í erfiðleikum með fjármögnun á þessu ári. Þessi stuðningur gengur undir vinnuheitinu „Stuðnings-Kría“ og vonum við að tillögur í þessa átt fái brautargengi á næstu vikum.

Í þessum mikilvægu verkefnum, bæði hvað varðar **Kríu** og einnig í tillögum um **Stuðnings-Kríu**, sjáum við fyrir okkur samstarf við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins um umsjó þessarar fjármögnunar þó að „Kríurnar“ verði báðar sjálfstæð fjárfestingarverkefni.

Þessa dagana erum við að vonum mest upptekin af því að koma okkur út úr mesta storminum, en við viljum líka horfa fram á veginn og halda áfram með það verkefni að auka skilvirkni og bæta stuðningsumhverfi nýsköpunar hér á landi. Við viljum því halda áfram samtalinu um áherslur og hlutverk NSA í

vistkerfi nýsköpunar í takti við þarfir samfélagsins hverju sinni. Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs við sjóðinn og lítum björtum augum fram á veginn, þó svo vindarnir hafi verið duglegir að blása okkur í mót á undanförunum mánuðum.